

Dýrafjarðargöng standa undir væntingum á árs afmælinu

🕒 28.10.2021 - 14:34



Mynd: Elsa María Guðlaugs Drífudót - RÚV

Rúmt ár er nú liðið frá því Dýrafjarðargöng voru opnuð. Þau stytta Vestfjarðarveg um rúma 27 kílómetra og hlífa vegfarendum við snjóþungri Hrafnseyrarheiðinni. Vegagerðin hefur fylgst vel með því hvernig göngin hafa verið nýtt. Friðleifur Ingi Brynjarsson, verkefnastjóri á umferðardeild, segir að frá áramótum og fram til 25. október hafi að meðaltali 197 bílar ekið um göngin, þá í aðra hvora áttina, á sólarhring.

Þetta sé algerlega í samræmi við væntingar Vegagerðarinnar. „Við gerðum ráð fyrir því að fyrsta heila árið yrði meðalumferð á sólarhring 180 bílar. Ég held þetta endi á pari því umferðin minnkar á veturna og meðaltalið á líklega eftir að togast niður næstu tvo mánuði,“ segir Friðleifur.

Opnuð með COVID-viðhöfn

Göngin voru opnuð með viðhöfn í fyrra þó hátíðarhöldin hafi verið með óhefðbundnu sniði vegna Covid-faraldursins. Vestfirðingum var boðið að safnast saman í bílum sínum við báða munna ganganna og aka í gegn. Nemendur grunnskólans á Þingeyri riðu á vaðið ásamt Gunnari Gísla Sigurðssyni sem mokaði Hrafnseyrarheiði frá árinu 1974.

Nýting gangnanna er háð því að Dynjandisheiðin verði áfram mokuð, eins og síðasta vetur. Friðleifur segist hafa heyrt að stefnt sé að halda henni opinni en fréttastofa náði ekki, við vinnslu fréttarinnar, tali af þeim starfsmanni Vegagerðarinnar sem hefur umsjón með mokstursmálum.

Umferðin tvöfaldist á næstu 25 árum

Langtímaspá Vegagerðarinnar gerir ráð fyrir því að eftir 25 ár aki 450 bílar um göngin daglega, rúmlega tvöfalt fleiri en nú.

Göngin tryggja betri samgöngur milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og Vegagerðin telur þau stóran þátt í því að ná aðalmarkmiðinu um heilsárs vegasamband milli vestfirskra byggða.

Arnhildur Hálfánardóttir